

Reykjalundur endurhæfing ehf.

57. fundur stjórnar mánudaginn 16. desember 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli

Boðaðir eru: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir (GBS), Gunnar Ármannsson (GÁ), Aldís Stefánsdóttir (AS), Arna Harðardóttir varamaður (AH) og Pétur Magnússon, forstjóri (PM). Fundarritari er Arna Harðardóttir.

Gestur: Sigríður Kristín Kristbjörnsdóttir, fjármálastjóri (SKK)

Dagskrá

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 55 frá 5.nóvember og nr. 56 frá 11.nóvember samþykktar og undirritaðar.

2. Skýrsla um helstu atriði í starfseminni, kynning frá forstjóra.

Ráðning nýs fjármálastjóra gengur vel og stefnt að því að klára ráðningu í vikunni. Meðferðardagar eru á pari þetta árið.

Síðustu vikur hefur verið mikið um að allskonar jólaskemmtanir sem hafa heppnast vel. Miðgarður lokar föstudaginn 20. desember og opnar 2. janúar. Opið 23. desember, síðan lokað til 2. janúar. Starfsfólk fær 3 daga í frí. PM segir frá heimsóknum stjórnsmálaflokkana fyrir kosningar sem tókust vel. PM verður fjarverandi í 3 vikur janúar. Faglegu framkvæmdastjórarnir munu skipta vikunum á milli sín.

3. Fjármál Reykjalundar

SKK fer yfir áætluð rekstrarútkoma ársins 2024 og áætlun ársins 2025.

PM fer yfir skiptingu húsnæðiskostnaðar milli Reykjalundar endurhæfingar ehf. og Eignaumsjónar SÍBS. Umræður um stöðuna og næstu skref.

4. Húsnæðismál Reykjalundar.

PM fer yfir stöðu á húsnæðismálum. Heilbrigðisráðuneytið mun ekki veita fjármagni í að leiga skrifstofugáma. Framkvæmdastjórn og formaður stjórnar funduðu með Verksýn þar sem kom í ljós að forsendur höfðu breyst. Mikilvægt að húsnæðismál skýrist sem fyrst á nýju ári.

5. Önnur mál.

- Engin önnur mál

Fundi slitið kl 10:00

Næsti fundur stjórnar: 13. janúar, kl 8:15-9:45.

Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir
Aldís Stefánsdóttir
Arna Harðardóttir